

Tillögur til breytinga á samþykktum Birtu lífeyrissjóðs lagðar fram á ársfundi Birtu
11. apríl 2019:

5. gr. Stjórn

5.1 (óbreytt ákvæði)

5.1.1 Fulltrúar launamanna og samtaka atvinnurekenda skulu hvorir um sig starfrækja valnefnd (uppstillingarnefnd) sem fjallar um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Tilnefningaraðilar skulu óska eftir starfskröftum hæfra einstaklinga til stjórnarstarfa með auglýsingum og almennri hvatningu og haga störfum sínum skv. því sem nánar greinir í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, sbr. samkomulag dags. 24. apríl 2018.

5.1.~~21~~ Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, að undangenginni umfjöllun og tilnefningu valnefndar, og skulu tilnefningarnar staðfestar af fulltrúaráði atvinnurekenda. Skal hlutfall kynja vera í samræmi við ákvæði laga. Fulltrúar í stjórn skulu tilnefndir að höfðu samráði við aðildarfélag sjóðsins og aðildarfyrirtæki, sbr. B hluta 4. gr. Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins tilnefna nýjan stjórnarmann samkvæmt sömu skilyrðum og áður og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns.

Skýring: Í kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnskipan lsj. dags. 24. apríl 2018 er gert ráð fyrir að fulltrúar atvinnurekenda og launamanna starfræki hvor um sig valnefnd (uppstillingarnefnd). Ákvæði um valnefnd launamanna hefur verið í samþykktum Birtu frá stofnun sjóðsins árið 2016 en ekki hefur verið samsvarandi ákvæði um valnefnd atvinnurekenda.

5.1.~~32~~ Fulltrúar launamanna skulu kjörnir á sérstökum kjörfundi sem haldinn skal minnst viku fyrir ársfund lífeyrissjóðsins, sbr. ákvæði 6.3.1. Um rétt til að greiða atkvæði á þeim fundi fer eftir gr. 6.3.1. Þeir einstaklingar sem flest atkvæði fá, og uppfylla kröfur í þau stjórnarsæti sem kosið er til teljast kjörnir í stjórn lífeyrissjóðsins. Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal kjörnefnd tilnefna nýjan stjórnarmann að fenginni tilnefningu valnefndar samkvæmt gr. 5.8 og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns. Eigendur fyrirtækja, æðstu stjórnendur, stjórnarmenn og aðilar nákomnir þeim geta ekki orðið fulltrúar launamanna í stjórn. Framboð til stjórnar skulu afhent valnefndkjörnefnd sem skipuð er samkvæmt gr. ~~5.85-1.3~~ í síðasta lagi ~~sextveimur~~ vikum fyrir kjörfund.

Skýring: Breytingin er til samræmis við þá breytingu sem gerð hefur verið á stjórnarkjöri Birtu til samræmis við kjarasamnings ASÍ og SA, dags. 24. apríl 2018 en þar hefur valnefnd það hlutverk að óska eftir og fara yfir framboð til stjórnarkjörs. Kjörnefnd hefur hins vegar það hlutverk að annast framkvæmd kosninga og úrskurða í ágreiningsmálum. Með breytingunni eru tekin af öll tvímæli um að framboð skulu berast valnefnd innan tilskilins frests, sex vikum fyrir kjörfund. Þess má geta að í starfsreglum valnefndar og kjörnefndar er gert ráð fyrir að niðurstaða valnefndar liggir fyrir og hafi borist kjörnefnd tveimur vikum fyrir kjörfund. Framangreind breyting kallar ennfremur á breytingu á starfsreglum valnefndar, sbr. 5. Gr. reglnanna þar sem segir að framboð skulu hafa borist nefndinni eigi síðar en sex vikum fyrir ársfund. Jafnframt kallar framangreind samþykktabreyting (og breyting á starfsreglum valnefndar) á breytingu á reglum kjörnefndar launamanna Birtu í þá veru að kjörnefnd skuli hafa samráð við valnefnd um fundardag kjörfundar. Helgast það af framangreindum tímafrestum sem taka þá alfarið mið af kjörfundi.

5.1.~~43~~ (óbreytt ákvæði)

5.2 Stjórnarmaður skal að hámarki sitja átta ár samfellt sem aðalmaður í stjórn lífeyrissjóðs á samningssviði ASÍ og SA. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti í stjórn sem aðalmaður á samningssviðinu á ný fyrir en að þremur árum liðnum.

5.~~32~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~43~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~54~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~54.1~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~54.2~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~54.3~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~65~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~65.1~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~65.2~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~65.3~~ Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir grein 5.~~54.1~~.

5.~~76~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~76.1~~ (óbreytt ákvæði)

5.~~76.2~~ Stjórnarmenn og starfsmenn framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Um verkefni, hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra fer að öðru leyti en hér segir eftir lögum nr. 129/1997, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, sbr. samkomulag dags. 24. apríl 2018. Stjórn sjóðsins skal jafnframt taka mið af Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. -

5.~~87~~ Stjórn skal setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundi og birt í ársskýrslu og á heimasíðu sjóðsins.

5.~~98~~ Fulltrúaráð launamanna skal skipa valnefnd, sbr. gr. 5.1.1, sem skal hafa þann yfirlýsta tilgang að tryggja góða stjórnarhætti við stjórn sjóðsins og tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna. Einstaklingar í valnefndinni skulu vera fjórir. Að öðru leyti skal um skipan og starfsemi valnefndar ákveðið í sérstökum starfsreglum hennar sem fulltrúaráð launamanna skal samþykkja fyrir sitt leyti.

6. gr. Ársfundur

(...)

6.5 Á ársfundi skal tekið fyrir:

6.5.1 Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu starfsári, sbr. 41. gr. laga nr.129/1997

6.5.2 Kynning og afgreiðsla ársreiknings

6.5.3 Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, sbr. 24. gr. laga nr.129/1997

6.5.4 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

6.5.5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins

6.5.65 Starfskjarastefna sjóðsins

6.5.76 Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

6.5.87 Gerð grein fyrir sStjórnarkjöri, samkvæmt grein 5-1

6.5.98 Kjör endurskoðanda

6.5.109 Kjör nefndar um laun stjórnarmanna

6.5.1110 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Með tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 265. greinar

6.5.1211 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund

Skýring: Samkvæmt kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnskipan Isj. er gert ráð fyrir að hluthafastefna(eigendastefna) sjóðsins sé tekin fyrir á ársfundi sjóðsins.

6.6 Nefnd um laun stjórnarmanna skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs. Skulu fulltrúaráð skipa nefndina fjórum fulltrúum til þriggja ára. Skal vera jafnt hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni. Formaður stjórnar hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

Skýring: Samkvæmt kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnskipan Isj. skal nefnd um laun stjórnarmanna skipuð þremur mönnum hið minnsta, formanni stjórnar og einum aðila frá hvorum tilnefningaraðila sem ekki eru stjórnarmenn í viðkomandi lífeyrissjóði. Hér er lagt til að til viðbótar við núverandi fyrirkomulag sem gerir ráð fyrir að hvor tilnefningaraðili skipi tvo nefndarmenn sitji stjórnarformaður sjóðsins í nefndinni en hafi þó einungis seturétt á fundum nefndarinnar.

~~6.7 Á sameinuðum aukaársfundi Stafa lífeyrissjóðs og Sameinaða lífeyrissjóðsins skal heimilt að taka ákvörðun um stjórn, kjör stjórnarmanna, reglur um valnefnd, nafn sameinaðs lífeyrissjóðs og annað sem máli skiptir svo tryggja megi að samruni lífeyrissjóðanna gangi eftir. Sú stjórn sem aukaársfundir Stafa lífeyrissjóðs og Sameinaða lífeyrissjóðsins velja skal móta fjárfestingarstefnu sjóðanna og að öllu leyti hafa þær heimildir sem mælt er fyrir um í samþykktum þessum.~~

þarfnast ekki skýringar.

12. gr. Eftirlaunalífeyrir

(...)

12.2 Eftirlaunalífeyrir ákvarðast af því iðgjaldi, sem greitt hefur verið til sjóðsins vegna sjóðfélagans sbr. þó ákvæði 12.9 um gagnkvæma og jafna skiptingu eftirlaunalífeyrisréttinda. Iðgjald [sem greitt er fyrir 67 ára aldur](#) veitir réttindi í samræmi við Töflu I [og iðgjald sem greitt er eftir 67 ára aldur í samræmi við Töflu III](#). Aldur sjóðfélaga er reiknaður sem aldur í lok þess mánaðar sem iðgjaldatímabil telst til.

12.5 Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku eftirlaunalífeyris allt til 80 ára aldurs, og hækkar þá upphæð eftirlaunalífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, í samræmi við ákvæði Töflu II. [Réttindi sem áunnin eru eftir 67 ára aldur hækka í samræmi við ákvæði Töflu III](#). Greiða skal eftirlaunalífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn, hafi umsókn ekki borist.

12.6 Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku eftirlaunalífeyris, skulu réttindi hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri. Stjórn sjóðsins getur ákvarðað tíðari endurúrskurði vegna iðgjalda sem berast eftir að taka lífeyris hefst. Hækkun vegna frestunar reiknast á lífeyrisréttindi sem áunnin eru eftir að taka lífeyris hefst samkvæmt Töflu II [og Töflu III](#).

[Núverandi Tafla III – Eingreiðslutafla fellur út.](#)

[Ný Tafla III:](#)

[Iðgjald greitt eftir 67 ára](#)

	67-	68-	69-
Lífeyrisréttur pr 10.000	751	777	805
Lífeyrisaldur	68	69	70

[Hækkun réttinda frá upphafsgildi við frestun pr mán á aldri](#)

68-	0,62%		
69-	0,69%	0,64%	
70-	0,78%	0,72%	0,67%
71-	0,87%	0,81%	0,75%
72-	0,99%	0,92%	0,85%
73-	1,13%	1,04%	0,96%
74-	1,29%	1,19%	1,10%
75-	1,48%	1,37%	1,27%
76-	1,71%	1,59%	1,47%
77-	1,99%	1,85%	1,71%
78-	2,34%	2,17%	2,00%
79-	2,76%	2,56%	2,37%

Skýring: Breytingin byggir á endurskoðun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings á frestunarsuðlum sjóðsins. Tillögurnar fela í sér breytingu á þremur stöðum í gr. 12 auk þess sem núverandi Tafla III er felld brott og ný Tafla III kemur í staðinn sem tekur á réttindaöflun milli 67 ára og 70 ára aldurs. Breytingin felur í sér nákvæmari tryggingafræðilegan útreikning á réttindaöflun eftir 67 ára aldur og er framkvæmdin færð í það horf sem er hjá flestum lífeyrissjóðum sem eru með sérstakar réttinda- og frestunartöflur vegna ávinnslu eftir 67 ára aldur. Sjá nánar: greinargerð Bjarna Guðmundssonar (**fskj. 1**).

14. gr. Makalífeyrir

(...)

14.2 Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 189 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 189 ára aldri yngsta barnsins, enda sé barn á framfæri eftirlifandi maka. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað áður en hann missti starfsorku sína.

Skýring: Lagt til að greiðslur til eftirlifandi maka miðist við 18 ára aldur barns í samræmi við 18 ára lögræðisaldur og til samræmis við önnur ákvæði samþykktu Birtu, s.s. barnalífeyrir og fjölskyldubætur.

14.4 Stofnist réttur til makalífeyris skv. 14.1, 14.2, 14.3 eða 187.2 skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

14.5 Fullur makalífeyrir er helmingur af áunnum réttindum til eftirlaunalífeyris. Þegar skilyrði 14.1 um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna réttinda telja þau réttindi, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 13.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna réttindi frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði 13.9 en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við þau iðgjöld, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreiknaðra réttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 14.1 um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 187.2.

Skýring: Leiðrétting á rangri tilvísun í samþykktir sem á rætur að rekja til þess þegar tilgreind séreign var innleidd á árinu 2017 sem þá var felld undir 17. Gr. samþykktanna sem áður fjallaði um geymdan rétt. Ákvæði samþykktu um geymdan rétt er nú að finna í gr. 18.2.

27. gr. Gildistaka

27.1 Samþykktir þessar voru staðfestar á ársfundi Birtu lífeyrissjóðs 112. aprílmáí 20198 og koma í stað eldri samþykktu frá 1. októberjúlí 20187. Samþykktirnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytisins liggur fyrir. Þó skulu gr. 12.7 og gr. 12.8 ekki öðlast gildi fyrr en 1. september 2018.

Þarfnast ekki skýringar.